

**Skýrsla matsnefndar Lundarskóla  
skólaárið 2015 - 2016**

## Innra mat Lundarskóla - matsáætlun 2015-2016

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.


## Matsáætlun 2015-2016

Matsverkefni	Hvernig er metið	Hver sér um matið	Þátttakendur	Hvenær á að meta	Lokið
Göngudagur	Spurningalisti	Matsteymi	Allir	September	x
Rýmingaráætlun	Spurningalisti	Slökkvilið	Allir	September	
1.des og þemadagar	Spurningalisti	Matsteymi	Allir	Desember	x
Árshátíð	Spurningalisti	Matsteymi	Allir	Febrúar	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri yngri deildar	Nemendur	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri yngri deildar	Foreldrar	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri yngri deildar	Starfsmenn	Allt skólaárið	x
Mat á námsáætlunum	Mat í námsáætlun	Kennarar	Kennarar	Vor 2016	?

## Göngudagur:

Almenn ánægja var með Göngudaginn. Það helsta sem kennarar vildu sjá var fljótandi dagsetning þar sem stílað er á gott veður. Einnig er spurning að huga að fjölbreyttari verkefnum til að koma á mótis við þarfir hvers og eins. Ýtarlegri niðurstöður má sjá í viðauka.

### Með hvaða hóp varstu með á göngudaginn:



1-2 bekkur	3	13%
3-4 bekkur	3	13%
5-6 bekkur	5	21.7%
7-10 bekkur	12	52.2%

### Ertu sátt/ur við fyrirkomulag göngudags í Lundarskóla haustið 2015?



Já	19	86.4%
Nei	4	18.2%

## Finnt þér Göngudagurinn vera á réttum tíma í skóladagatali?



já 13 59.1%  
nei 9 40.9%

## Ef svarið er nei, hvenær viltu hafa göngudaginn?

fyrstu eða annarri kennsluviku

Einhvertíman í fyrstu tveimur vikum september

Ákveða dagsetningu með stuttum fyrirvara þegar útlit er fyrir gott veður.

Hafa opna 1-2 vikur þar sem hægt er að velja dag eftir veðri.

Ekki festa hann, hafa hann eftir veðri.

Ekki dagsettur, velja góðviðrisdag

Hafa þetta sveigjanlegt, fara þegar veður er gott

Væri gott að fara þegar veðrið er gott.

Ætti e.t.v. að vera fyrr??

Hefði mátt vera fyrr

## Finnt þér verkefni göngudagsins vera spennandi?



Já 17 73.9%  
Nei 6 26.1%

## **Ef svarið er nei hvaða verkefni viltu sjá**

Spennandi - frekar barnanna að meta það. Nem. í 5.-6. bekk ættu að fá að velja á milli einhverra möguleika, þau geta til dæmis alveg farið í styttri hjólatúra og svo í sund.

Svarið er nei og já. Ég vil sjá meiri tilbreytni heldur en sömu verkefnin ár eftir ár.

Leyfa nemendum að koma með hugmyndir og stjórna leikjum eða koma með hugmyndir að leikjum. Jafnvel að nemendur stjórni ratleikjum eða leikjum í skóginum.

Nýja möguleika á göngu og hjólaferðum

Fara með hópinn í Hraunsvatn í góðu veðri

Allt í lagi að skoða aðra kosti

Veit það ekki

## **Eitthvað sem þú vilt koma áleiðis til skipuleggjenda göngudagsins:**

Nei

Það gekk allt upp :)

passa að manna þegar eru forföll

Ég fór með 7-10 bekk og hitti á leiðinni nemendur sem voru að koma úr Kjamaskógi. Hljóðið í öllum var að þetta væri leiðinlegt og ekkert gert. Kannski þurfum við að finna nýja staði og setja okkur ný markmið.

Hafa góða mönnun (veit að það var erfitt núna vegna veikinda)

Það mætti breyta vali ár frá ári og fara nýjar leiðir

Mætti athuga með að grilla pylsur eða hamborgara fyrir nemendur og labba svo stystu leið heim úr Kjamaskógi - margir nemendur voru pirraði yfir því að labba lengri leiðina heim og það er óþarfi þegar nemendur eiga að njóta útivistar. Nauðsynlegt er að hafa bíl ef farið er í Kjamaskóg. Nemendur sem eiga erfitt með að labba þurfa hjálp - ég lenti í því að keyra einn veikan heim og svo þurfti að flytja spil, bolta og kaffi fyrir kennara, auk þess þurfti einn kennari að skreppa heim og þá var gott að hafa bíl.

Hafa daginn sveigjanlegan á skóladagatali. Hafa pakkann tilbúinn þannig að hægt sé að fara með tveggja daga fyrirvara þegar veður er gott. Það hlýtur að vera hægt!


Það vantar hlutleysis svarmöguleika ó þessa könnun

Það er kannski best að fara ekki með 1. bekk nema rétt í kringum skólann eða á mjög afmarkað svæði. Það var erfitt að hafa yfirsýn á öllum nemendum niður á Hamarkotstúni.


## 1. des

Almenn ánægja virðist vera með fyrirkomulagið sem sett var upp á 1. des. Sjá niðurstöður hér að neðan:


### Hvaða bekk varst þú með á 1. des (11 svör)



### Ertu sátt/ur við það fyrirkomulag sem er á 1. des (11 svör)



## Ertu sátt/ur við það fyrirkomulag sem er á þemadögum (11 svör)



## Helstu kostir við þetta fyrirkomulag. (11 svör)

Lífandi og skemmtilegt, Fjölbreytt verkefni og nemendur njóta sín.

Uppbrot í kennslu sem er nauðsynlegt fyrir alla.

1.des var skemmtilegur dagur og gekk mjög vel. Nemendur ánægðir og spenntir með þessa tilbreytingu. Vel skipulagt og bara flott.

Jákvætt við þemadaga, gaman að brjóta upp kennsluna.

Ákveðið viðfangsefni tekið fyrir og unnið á öllum stigum.  
Foreldrar virkari í heimsóknum í skólann.

mér fannst krakkarnir hafa gaman af þessu og allir glaðir og miklu betra að hafa þetta svona og hafa svo litlu jólin bara sér

Samvinna, skemmtilegt uppbrot  
Gaman að enda á sýningu þar sem nemendur fá að blómstra.

Sveigjanlegt

þema vinna sýnileg og nemendur fræddir um 1. des.

Skemmtilegt uppbrot á skólastarfinu.

Skemmtilegt - gaman þegar skólinn allur tekur sig saman.

Skemmtileg tilbreyting á skólastarfinu.

## Ókostir við þetta fyrirkomulag. (11 svör)

Þetta fyrirkomulag er nýtt og fór það mjög illa í suma.

Sumir árgangar tóku lítin sem engan þátt sem á ekki að eiga sér stað.

Að missa allan undirbúning og þurfa líka að mæta á fund á þessum dögum. Einnig mjög langir dagar fyrir stóran hóp eins og 7. bekk í uppbroti. Mætti rótera íþróttum á þessum dögum svo allir komist í íþróttahúsið en ekki bara þeir sem eiga þessa daga.

Það eru ekki allir bekkir sem eru að taka þátt.  
Það sitja ekki allir kennarar við sama borð.  
Að hægt sé að velja sig frá þátttöku í þemadögum.  
Að verkgreinar skyldu ekki vera inni í stundarskrá á þemadögum.

get ekki séð neina ókosti við þetta nema þá krakkarnir sem höndla illa svona daga en ekki hægt að láta skólann stjórna af nokkurm nemendum

Ef um þema er að ræða tel ég að allir í skólanum eiga að vinna í því, ekki bara sumir.

Mætti gera meira úr þemadögum, viðameiri verkefni, meiri samvinna og val um viðfangsefni, t.d. útbúa smiðjur eða vinnustofur sem nemendur geta valið og farið á milli.

Sýning á 1. des vel heppnuð og skipulag gott. Salurinn hinsvegar óhentugur til slíks brúks, of breiður og sviðið djúpt.

Of mikið að vera bæði með sýningu og þemavinnu.

Gengur ekki að umsjónakennari eigi að vinna vinnu annarra kennara og að stundaskráin skuli segja til um hversu mikið unnið sé. Ef íþrótt-, list- og verkgreinakennarar eiga að koma að þessu með umsjónakennurum verða þeir að taka þátt í ábyrgð og vinna með umsjónakennara.

Sum börn þola illa uppbrot á kennslu.

Hefði viljað sjá allan skólann í einu stóru þema, þar sem blandað væri þvert á skólann, allir með líkt og á fjölgreindaleikum.

Þar sem 3. bekkur var með sýningu þá gat hann svo lítið verið með okkur í þemavinnunni m.ö.o. samvinna var lítil milli árganga fyrir vikið.

???



## Hvað er til bóta? (11 svör)

Hreinsa þarf til á vinnustaðnum og reka nokkra sem eru dragbítar. Segja kurteislega við þá, ef þú getur ekki fylgt breytingum og unnið við nýja hluti sem ekki hafa verið gerðir áður þá er best að skipta um vinnustað.

Allir taka þátt og vinna á milli árganga.

Leysa kennara af í kaffi ef þeir komast ekki niður. Finna tíma fyrir nemendur til að skoða hjá öðrum nemendum. sem dæmi einn klukkutími opnar stofur hjá öllum.

Ef um þemadaga er að ræða þá verða allir að taka þátt.  
Halda inni verkgreinum og íþróttum.  
Gera meira úr heimsókn foreldra á sýningardegnum.

hefði mátt hafa frjálst nesi hjá öllum og hefði mátt vera meiri uppýsningar til foreldra hvenær börnin þeirra væru að sýna

Ræða saman um hvernig þetta á að vera.

Betra væri að snúa salnum þannig að sviðið væri í austur endanum, þá gæti hluti af anddyri verið baksviðs og aðrir inngangar í salinn nýttir fyrir gesti.

Að hafa alla á sýningu á árshátíð hver bekkur sýnir þá x2 sitthvor hópurinn. leyfa nemendum að njóta þemadaganna þannig eru allir séu með á sömu forsendum. Ekki hægt að vinna í teymi um þema þar sem annar árgangurinn er með sýningu og hinn ekki.

Ákveða að vori til hvert og hvenær þemað er og skipulag fyrir þemadaga sett þá upp til að allir viti hvað bíður þeirra næsta skólaár.

Veit ekki


Hefði verið gaman að hvetja nemendur til að skoða afrakstur þemavinnunnar á öðrum stigum.

## Árshátíð:


Almenn ánægja virðist vera með tímasetningu Árshátíðar en skiptar skoðanir virðast vera á því hvenær sýningar eiga að vera um daginn og hvort eigi að hafa hátíðina á einum eða tveimur dögum eins og var. Margir telja að ekki eigi að vera kennsla sama dag og hátíðin er. Frekari niðurstöður hér að neðan:

Ertu sátt/sáttur við dagsetningu á árshátíðinni, ef nei hvenær viltu frekar hafa hana.

(19 svör)




Ertu sátt/sáttur við tímasetningar á sýningum þ.e. 11:30, 14:00 og 16:30 ?  
(18 svör)




Ef nei við fyrri spurningu þá hvaða tímasetningar? (6 svör)

16:00 og 18:00 á tveimur dögum
Byrja fyrr af deginum með fyrstu sýningu
Mætti byrja fyrr og klára sýningar á einum degi. T.d. 9.00, 11.30 og 14.00. Generalæfing er þá daginn áður.
Mætti byrja fyrr, fyrsta sýning kl. 10, kl 13.00 og 15.00
Það þarf held ég að vera lengra á milli sýninga. Spurning hvort sú fyrsta mætti ekki bara vera fyrr, nú eða þá fara aftur til baka í tímasetningarnar sem áttu að vera.
aðeins lengra milli sýninga

Viltu sjá árhátíðina á tveimur dögum líkt og áður var. (17 svör)



Ertu sátt/sáttur við fyrirkomulag á sýningum þ.e. hvaða bekkir sýna. (19 svör)



Nefndu einhverja þætti sem þér finnst jákvæðir og góðir sem tengjast árshátíðinni.

(17 svör)

Sýningin var hæfilega löng.

Góð atriði hjá þeim sem koma fram.

Skipulag á sjálfri árshátíðinni gott, skipting milla atriða góð, frábært kaffihlaðborð.

Skemmtilegt uppbot í skólastarfinu og gaman að sjá og skynja spennig og gleði hjá nemendum

Pizzurnar hjá Gunnari

Jákvætt að nemendur geti komið fram og sýnt hvað í þeim býr.

Gott skipulag og einstakur hljóðmaður

Skemmtileg og fjölbreytt atriði,

Líf og fjör, fint skipulag, þeir sem sýna standa sig vel, eru ekki með læti frammi fyrir sýningar.

Leiksýningar eru ómissandi þáttur í skólastarfi. Þarna sér maður ólíklegustu nemendur blómstra. Einnig frábært að geta boðið upp á kaffi og kökur þennan dag.

Svo gott þegar þetta er búið og allt gekk vel! Krakkarnir læra trúlega miklu meira af þessu en við þorum að vona.

Gleðin og spennan hjá þeim krökkum sem eru að sýna. Annað ekkert

Að nemendur fá tækifæri til að koma fram á sviði fyrir framan marga áhorfendur.

Samvinnan, ekki of löng atriði.

góð atriði

Gekk smurt

Jákvætt: gaman að sýna, kaffið gott, Neikvætt: stress og þreyta að pakka þessu á tvöfaldan dag

## Er eitthvað sem þér finnst helst að þurfi að bæta annað en spurt hefur verið um að framan. Hvernig er drauma árs hátíðin þín?

(14 svör)

Erfitt að vera með stóran þrískiptan bekk og eiga að vera með kennslu til kl. 11 og generalprufur á sama tíma. Draumaárs hátíðin mín er engin kennsla á árs hátíðardaginn, allir taka þátt og eru glaðir.

Hafa Árs hátíðina á tveimur dögum. Allir árgangar koma fram. Sléttar tölur fyrri daginn klukkan 16:00 og 18:00 og oddatölur daginn eftir á sömu tímum. Tveir tvöfaldir dagar.

Mér finnst heyrast frekar illa í yngri nemendum á sýningum, spurning hvort hægt er að gera eitthvað í hátalaramálum fyrir þá. Það mætti líka huga að því að sýningarnar væru blandaðri, þ.e. að það lenti ekki þannig að öll atriði á sýningu væru annað hvort leikrit eða söngvatriði, heldur væri meira bland í poka, sumir með leikrit, aðrir með söngatriði.

að öll atriðin henti öllum árgöngum sem eru að horfa á og náttúrulega að 10 bekkur sé með kaffisölu. Ekki skóladaður sama dag og árs hátíð.

Sáttur

Allir verða að virða tímasetningar á atriðum, hafa lokaæfingu daginn áður til að hafa tíma til að hlaupa upp á, erfitt að vera í tímaþröng ef einn aðili stendur ekki við tímaramma og þá þurfa t.d. leikskólanemendur að bíða og bíða til að komast inn til að horfa.

Erfitt fyrir sýningarhópa að vera með general og þrjár sýningar sama daginn.

Ja, yrði sennilega ekki samþykkt

Árs hátíð að vori í íþróttahúsinu og þá bara ein til tvær sýningar eins og er t.d. í Oddeyraskóla. Þá mætti líka sleppa 1. des skemmtunni og hafa alla bekkir að sýna þannig að úr yrði ein stór og flott sýning

Ég legg til að allir árgangar upp í 7. bekk a.m.k. sýni á árs hátíð. Við ættum að hugsa árs hátíðina alveg upp á nýtt. Við gætum t.d. látið yngri nem. og leiklistarval sýna á einni sýningu og eldri og leiklistarval sýna á annarri sýningu. Þetta gæti t.d. verið sitt hvorn daginn.

Vil ekki hafa kennslu daginn sem árs hátíð er .

Ég vil sjá meiri hátíðleika yfir árs hátíðardeginum

Þessi, ef hljóðkerfi og tækniatriði væru bætt !

Vantar fleiri tæknimenn; ljósameistara, upptökustjóra og myndasmið

### Lokaorð:

Skólaárið 2015-2016 er fyrsta árið þar sem mat á viðburðum er á rafrænu formi. Segja verður að þátttaka var dræm í mörgum könnunum og þarf að huga að því fyrir næsta skólaár hvernig auku megi þáttöku í könnunum. Það fyrirkomulag sem stuðst var við þetta árið var að tengill var sendur á allt starfsfólk í tölvupósti og það beðið um að svara spurningarlistunum. Þurfti ýtrekað að ýta á eftir en allt kom fyrir ekki. Nefndin leggur til að úthlutaður verði tími af bundinni viðveru í að svara þessum könnunum eins og tíðkaðist í ráðherratið frú Elínborgar. Ef farið yrði t.d. af miðjum fundi mundi það stuðla að hreyfingu starfsfólks þar sem hver og einn færi í sína vinnutölvu og svaraði spurningunum. Lundarskóli er eftir allt heilsueflandi skóli.

Nefndarmenn:

Friðgeir Guðmundsson

Þróstur Már Pálmason

Anna Guðrún Jóhannesdóttir